

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
4. fundur 2018 (79. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 04.05.2018 kl. 08:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

1. Deiliskipulag Háaleitishlaðs

Með bréfi dags. 19.03.2018 tilkynnti Skipulagsstofnun að stofnunin gerði ekki athugasemdir við að skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags Háaleitishlaðs í B – deild Stjórnartíðinda.

Auglýsingin mun birtast þann 18.05.2018 og tekur deiliskipulagið þar með gildi.

2. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis

Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis er áfram í vinnslu og kemur væntanlega til afgreiðslu á næsta fundi skipulagsnefndarinnar.

3. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – breyting vegna deiliskipulags Flugstöðvarsvæðis

Lagt var fram minnisblað VSÓ Ráðgjafar, dags. 02.05.2018, þar sem fram kemur að breyta þurfi aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar í því skyni að auka byggingarheimildir á Flugstöðvarsvæði um 150.000 m².

Varðandi málsmeðferð er bent á tvær leiðir í minnisblaðinu. Skipulagsnefndin samþykkti að fara hefðbundna leið um aðalskipulagsbreytingu sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Líklegt er að málsmeðferðin taki 5 – 6 mánuði. Óskað verður eftir að deiliskipulag og aðalskipulagsbreyting verði auglýst samhliða og heimilt verði að falla frá gerð skipulagslýsingar vegna aðalskipulagsins.

4. Fálkavöllur 8 – Tankar. Breyting á deiliskipulagi

Vísað er til ákvörðunar skipulagsnefndarinnar á síðasta fundi hennar að fram fari grenndarkynning vegna breytingar á deiliskipulagi lóðarinnar að Fálkavelli 8.

Grenndarkynningin hefur farið fram og liggur fyrir samþykki viðkomandi lóðarhafa, Isavia og Icelandair.

Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna á deiliskipulagi lóðarinnar.

5. Fálkavöllur 17 – umsókn um stöðuleyfi

Lagt var fram erindi IGS ehf, dags. 17.04.2018, varðandi umsókn um stöðuleyfi fyrir þjónustugáma á lóðinni Fálkavöllur 17.

Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfið til 01.05.2019.

6. Eldsneytisbirgðageymsla á Keflavíkurflugvelli

Fulltrúi Landhelgisgæslunnar, Jón B. Guðnason, ræddi nauðsyn þess að koma upp auknum eldsneytisbirgðageymslum innan svæðis Keflavíkurflugvallar. Vísaði hann þar til erindis ODR um að fá heimild til að byggja þrjá eldsneytisgeyma í Helguvík þar sem ekki hefðu fengist jákvæð svör frá Isavia um byggingu geyma á Keflavíkurflugvelli.

7. Samþykkt um svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja

Kynnt var breyting á 1. mgr. 1.gr. samþykktu um starfsreglur svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja. Breytingin er vegna nýs sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs. Með breytingunni breytist einnig kostnaðarhlutdeild aðila svæðisskipulagsnefndarinnar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við breytingar þessar.

8. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Málið rætt.

9. Fundartími skipulagsnefndarinnar

Ákveðið var að fundartími skipulagsnefndarinnar verði framvegis frá kl. 8:15.

10. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 8. júní 2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>